

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Eyjafjarðarsveit.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

1. *Breyting á deiliskipulagi Fosslands.*  
Breytingin felst í því að vegtenging sem merkt er sem eldri vegtenging á gildandi deiliskipulagi er endurbætt og nýtt sem framtíðar aðkoma að íbúðarsvæðinu.  
Samþykkt í sveitarstjórn 14. september 2016.
2. *Deiliskipulag efnisnámu í landi Hvamms.*  
Efnisnáman er klöpp sem staðsett er um 500 m vestan við bæjarhúsin í Hvammi og er áætluð stærð námunnar allt að 120.000 m<sup>3</sup>.  
Samþykkt í sveitarstjórn 14. september 2016.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Eyjafjarðarsveit, 4. nóvember 2016.*

**Ólafur Rúnar Ólafsson** sveitarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 22. nóvember 2016